

hluta hússins og skamman tíma í hvert skipti. Um önnur bein afnot verzlunarinnar er ekki að ræða af téðu húsi.

Að því leyti, sem greint íbúðarhús er notað til íbúðar fyrir kaupfélagsstjórnann og fjölskyldu hans, verður að líta svo á, að þau afnot séu óviðkomandi verzlunarrekstri félagsins sem slíku og þar af leiðandi óviðkomandi starfrækslu félagsins. Þessvegna er hinn álagði skattur ranglega lagður á Kaupfélag Hallgeirseyjar, að því leyti, sem hann er miðaður við fasteignarmatsverð íbúðarhússins, eða þess hluta þess, sem kaupfélagsstjórinn hefir til íbúðar. Og þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um það, hve mikill hluti af húsinu er notaður af félaginu vegna endurskoðunar og ýmissa fundarhalda, sem vafalaust mun þó verða að telja alveg óverulegan hluta þess, ber að líta svo á, að öll hin umdeilda fjárhæð, kr. 232.00, sé ranglega lögð á félagið samkvæmt 38. gr. fyrrnefndra laga.

Fyrir því ber að synja um lögtak þetta.

Föstudaginn 21. maí 1937.

Nr. 140/1936. Ragnhildur Wiese

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Sigurjóni Péturssyni f. h. Klæðaverksmiðjunnar „Álafoss“ og gagnsök

(Lárus Jóhannesson).

Bótakrafa A á hendur B fyrir rof á vinnusamningi ekki talin á rökum byggð.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 23. maí 1936: Stefndur, Sigurjón Pétursson f. h. Klæðaverksmiðjunnar „Álafoss“, greiði stefnöndu, Ragnhildi Wiese, kr. 1454.00 með 6% ársvöxtum frá 4. marz 1935 til greiðsludags og kr. 200.00 í málskostnað — allt innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu dags. 17. sept. f. á. og gert þær dómkröfur, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða henni eftirtalda kröfuliði: 1) kr. 9250.00, en fjárhæð þessi svarar til 50 króna kaups á viku í 185 vikur, eða um tímabilið frá 29. desember 1934 til 1. ágúst 1938, og 2) hundraðsgjald af saumastofuvörum um sama tímabil eftir mati dómsins eða dómkvaddra manna, hvorutveggju fjárhæðina ásamt 6% vöxtum frá 4. marz 1935 til greiðsludags. Loks krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefir málinu með hæstaréttarstefnu, dags. 29. sept. f. á., hefir hinsvegar krafizt þess *aðallega*, að hann verði einungis dæmdur til að greiða kr. 50.00 án vaxta, en *til vara*, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Ennfremur krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Mál þetta er höfðað til greiðslu skaðabóta vegna vanefnda, sem aðaláfrýjandi telur, að orðið hafi af hendi gagnáfrýjanda á vinnusamningi, sem aðiljar málsins gerðu þann 7. apríl 1934. Eru aðalatriði greinds samnings rakin í hinum áfrýjaða dómi svo og annar aðdragandi málsins. Ástæðurnar, sem aðaláfrýjandi færir fram til stuðnings kröfum sínum, eru þær: a) að henni hafi verið vikið úr þjónustu gagnáfrýjanda án saka og b) að gagnáfrýjandi hafi lagt niður hringisaumadeild þá, sem hún samkvæmt samningnum skyldi vinna við og veita forstöðu, og þar með kippt burt grundvöllinum undan vinnusamningnum.

Um a). Svo sem í héraðsdóminum segir, hóf aðaláfrýjandi starfrækslu hringsaumadeildar hjá gagnáfrýjanda í ágúst 1934 í húsinu nr. 28 við Tryggvagötu hér í bæ. Er talið, að tala stúlkna þeirra, er við hringsauminn unnu undir stjórn aðaláfrýjanda, hafi komizt upp í 16, en þegar fram í desember s. á. kom, virðast einungis 3—4 stúlkur hafa starfað að saumavinnu þessari. Í áminnztum mánuði fór úr þjónustu gagnáfrýjanda sænskur klæðskeri, sem aðaláfrýjandi hafði ráðið til hringsaumadeildarinnar, og um sama leyti var aðaláfrýjandi ásamt stúlkum þeim, sem þá unnu hjá henni, flutt á hraðsaumastofu gagnáfrýjanda í húsinu nr. 2 við Þingholtsstræti. Þar vann aðaláfrýjandi þvínæst um hrið, en það er á huldu í málinu, hvort hringsaumur var starfræktur þar af henni. Aðaláfrýjandi telur nú, að norskur klæðskeri, að nafni Holger Borvik, sem hún kveður hafa stjórnað á hraðsaumastofunni, hafi vikið henni á brott úr þjónustu gagnáfrýjanda þann 5. janúar 1935 og að leiðréttingu á þeirri brottvikningu hafi hún ekki fengið hjá gagnáfrýjanda sjálfum. Af hálfu gagnáfrýjanda er því hinsvegar haldið fram, að aðaláfrýjandi hafi hætt að starfa hjá honum samkvæmt eigin ósk hennar. Það verður að vísu að teljast upplýst í málinu, að missætti hafi orðið á milli þeirra aðaláfrýjanda og Borvik, en á hinn bóginn brestur sönnun bæði fyrir því, að Borvik hafi vikið aðaláfrýjanda á brott og að hann hafi haft heimild til slíkrar ráðstöfunar frá húsbónda sínum. Hefir aðaláfrýjandi þannig gegn eindreginni neitun gagnáfrýjanda ekki tekizt að sanna brottreksturinn.

Um b). Þess er þegar getið, að hringsaumadeildin hafði ekki verið rekin lengi áður saumastúlkun-

um væri fækkað og starfrækslan þar færð saman. Ekki eru fram komnar sannanir fyrir því í málinu, að sá samdráttur hafi orðið af orsökum, er gagnáfrýjanda verði taldar til saka gagnvart aðaláfrýjanda, né að aðaláfrýjandi hafi borið fram athugasemdir við gagnáfrýjanda út af samdrættinum eða flutningnum yfir á hraðsaumastofuna. Þá er og á það atriði að líta, að aðaláfrýjandi fór úr þjónustu gagnáfrýjanda án þess að tjá honum í votta viðurvist eða á annan sannanlegan hátt, svo sem vænta hefði mátt af henni eins og á stóð, að hún væri þá til taks að halda áfram starfi sínu, því sem hún var ráðin til, og að hún myndi krefjast umsamins kaups eða bóta allt að einu, þótt gagnáfrýjandi kærði sig ekki um, að hún innti starfið af hendi. Til þessara aðgerða var aðaláfrýjanda því meiri ástæða, því hærri bóta sem hún vildi kalla til í hendur gagnáfrýjanda vegna brottfarar sinnar úr þjónustu hans.

Með tilvísun til atvika þeirra, sem rakin eru hér að framan, verður þannig ekki talið, að aðaláfrýjandi hafi hætt að starfa hjá gagnáfrýjanda með þeim hætti, að hún geti krafist hann skaðabóta í til efni af því. Ber þess vegna einungis að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda þær 50 krónur, sem hann hefir viðurkennt af kröfu aðaláfrýjanda, en hér er um að ræða kaup fyrir síðustu vinnuviku hennar hjá gagnáfrýjanda. Vextir af fjárhæð þessari verða aðaláfrýjanda hinsvegar ekki dæmdir, með því að ganga verður út frá því eftir málfærslunni, að aðaláfrýjanda hafi staðið fé þetta til boða, þegar hún hætti að starfa hjá gagnáfrýjanda og síðar.

Eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti falla niður.

Því dæmist rétt vera :

Gagnáfrýjandi, Sigurjón Pétursson f. h. Klæðaverksmiðjunnar „Álafoss“, greiði aðaláfrýjanda, Ragnhildi Wiese, kr. 50.00 að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er samkvæmt heimild í samningi höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu, útg. 4. marz 1935, af Ragnhildi Wiese hér í bæ gegn Sigurjóni Péturssyni, forstjóra, f. h. klæðaverksmiðjunnar „Álafoss“ hér í bænum, til greiðslu á skaðabótum fyrir rof á ráðningarsamningi, að upphæð kr. 30000.00 með 6% ársvöxtum frá 4. marz 1935 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnukrafan sundurliðast þannig: 1) kaup fyrir 185 vikur kr. 9250.00 2) tjon vegna samningsrofa stefnds og áætlað hundraðsgjald af framleiðslu hringsaumastofu, ef allt hefði gengið eðlilega, kr. 20750.00.

Í rekstri málsins hefir stefnandi gert þá *varakröfu*, að upphæðin undir 2 fari eftir mati réttarins.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar, en í rekstri málsins hefir hann þó gert þá *varakröfu*, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1404.00 vaxta- og málskostnaðarlaust, og að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað, hvernig sem málið fer.

Málavextir eru þeir, að með samningi dagsettum 7. april 1934 réði stefnandi sig til stefnds „*sem vinnandi og stjórnandi við svonefnda deild hringsaumsvinnu á hraðsaumstofu Klv. Álafoss*“. Í samningnum lofaði stefnanda að vinna öll sín verk vel og samvirkusamlega, sjá um að kenna fólkinu vinnuna, sjá um alla reglu og samstarf þess fólks, sem henni yrði falin umsjón með á verkstæðinu, og gera allt, sem í hennar valdi stæði, til þess, að vinnan gengi á saumastofunni og að allt, sem afgreitt yrði, yrði fyrsta flokks vara að öllum frágangi, hvað saumaskap viðviki.

Í kaup átti stefnanda að fá 50 kr. á viku „*og auk þess*

½% af allri fullunnri og tilbúinni flik (sic), er af verkstæði fer og þar er saumuð“.

Loks er svohljóðandi ákvæði í samningnum:

„Samningur þessi gildir frá 1. ág. 1934 til jafnlangdar 1938 með 6 mánaða fyrirvara af beggja hálfu“.

Stefndur leigði húsnæði handa hringsaumastofunni í Tryggvagötu 28 hér í bænum og tók hún til starfa um miðjan ágúst 1934. Réð stefnandi sjálfur flestar stúlkurnar, sem þar unnu undir umsjón hennar, og ennfremur réð hún þangað í umboði stefnds sænskan fagmann, Malmquist að nafni. Í des. 1934 reis deila milli stefnds og Malmquist, er lyktaði þannig, að Malmquist hætti að vinna á hringsaumastofunni og fór af landi burt. Litlu síðar var stefnanda látin flytja með stúlkur þær, er hjá henni unnu á hringsaumastofunni, upp í hraðsaumastofu stefnds í Þingholtsstræti 2, og má telja upplýst í málinu, að jafnframt hafi hringsaumastofan verið lögð niður og að eftir það hafi verið ætlunin, að stefnanda ynni undir stjórn klæðskera-meistarans í hraðsaumastofunni.

Samkomulag var þó slæmt milli stefnöndu og klæðskera-meistarans, og staðhæfir stefnanda, að hann hafi rekið sig burt 5. jan. 1935, og þar eð hún taldi sér vikið burt án saka og sömuleiðis, að stefndur hefði brotið á sér samninginn með því að leggja niður hringsaumastofuna, þá höfðaði hún mál þetta og gerði í því áðurgreindar kröfur, eftir að vonlaust var orðið um friðsamlega lausn málsins.

Stefndur byggir sýknukröfu sína á því, í fyrsta lagi, að það sé með öllu rangt, að stefnanda hafi verið rekin, heldur hafi hún sjálf óskað að verða laus við samninginn og geti hún þegar af þeirri ástæðu ekki átt neinar kröfur á hendur sér. Gegn eindreginni neitun stefnöndu og staðhæfingu hennar um, að hún hafi verið rekin, hefir stefndur ekki sannað, að hún hafi sjálf óskað eftir að verða laus við samninginn, en eins og hér stendur á og með sérstöku tilliti til ráðningarsamningsins telur rétturinn, að sönnunarbyrðin um þetta atriði hvíli á stefndum. Sýknukrafa stefnds verður því ekki tekin til greina af þessari ástæðu.

Í öðru lagi byggir stefndur sýknukröfuna á því, að stefnanda hafi við samningsgerðina blekkt hann um kunnáttu sína. Hún hafði tjáð sér, að hún væri fulllærð saumakona á karlmannaföt og gæti á eigin spýtur saumað allt,

bæði jakka, vesti og buxur, enda hefði hún verið mörg ár á saumastofu erlendis. En kunnátta stefnöndu hafi þó reynzt mjög litil, og hafi hún ekki getað saumað karlmannaföt á eigin spýtur og því síður kennt fólkinu það, enda þótt hún hefði skuldbundið sig til þess í samningnum. Fatnaður, sem gerður hefði verið undir stjórn stefnöndu, hefði að langmestu leyti verið stórgallaður og óseljanlegur sem fyrsta flokks vara. Þetta telur stefndur hafa heimilað sér að rifta samningnum fyrirvara- og bó талаust.

Verður nú athugað, hvort stefndum hefir tekizt að sanna, að gallar á framleiðslu hringsaumastofunnar, er stefnöndu verði gefin sök á, hafi verið svo verulegir, að honum hafi verið heimilt að vikja henni burt bó талаust.

Stefndur hefir leitt nokkur vitni í málinu. Tvö þeirra hafa borið, að stefndur hafi sýnt þeim í skrifstofu sinni nokkur sett af tilbúnum fötum, er hafi verið mjög gölluð. Eitt vitni hefir borið, að föt, er stefndur bauð því til kaups og kvað saumuð af R. Wiese (stefnöndu) 1934, hafi verið svo gölluð, að það hafi ekki séð sér fært að kaupa þau.

Stefnanda hefir mótmælt, að föt þau, er þessum vitnum hafi verið sýnd, hafi verið saumuð í hringsaumastofunni undir hennar stjórn, og er það ekki sannað gegn mótmælum hennar, að svo hafi verið. Þá hafa fjögur vitni, sem öll eru í þjónustu stefnds, borið, að miklir og margvislegir gallar hafi verið á fötum, sem saumuð voru í hringsaumastofunni og á starfi stefnöndu. Framburði þessara vitna er mótmælt bæði sem röngum og vilhöllum, og þar eð vitnin eru, eins og áður segir, öll í þjónustu stefnds, verður framburður þeirra ekki tekinn til greina stefndum í hag.

Loks hafa tvö vitni gefið vottorð um, að miklir gallar hafi verið á fötum, er þau hafi fengið frá hringsaumastofunni. Í vitnaleiðslunni, þegar annað þessara vitna staðfesti vottorð sitt, kom þó í ljós, að það vissi ekki, hvort fötin voru saumuð í hringsaumastofunni eða hraðsaumastofu Klv. Álafoss. Hitt vitnið staðfesti framburð sinn um það, að fötin hefðu verið saumuð á hringsaumastofunni.

Það verður nú að vísu skv. framansögðu að telja allmiklar líkur komnar fram fyrir því, að ýmsir gallar hafi verið á starfi stefnöndu hjá stefndum og að eitthvað af fötum þeim, er afgreidd voru á hringsaumastofunni, hafi verið verulega gallað, en þó verður ekki talið, að stefnd-

um hafi tekizt að sanna, að gallarnir hafi verið svo tíðir eða miklir, að honum hafi verið heimilt að vikja stefnöndu úr starfi hennar fyrirvara- og bótalaust.

Hefir þessi niðurstaða og sérstaka stoð í því, að upplýst er, að fatnaðurinn, sem saumaður var á hringsaumastofunni, var að mestu eða öllu leyti sniðinn í hraðsaumastofunni, svo og því, að nokkrir klæðskerameistarar, þar af 2 dómkvaddir að beiðni stefnds, hafa borið fyrir rétti og staðfest þann framburð sinn, að nokkrir klæðnaðir, er þeir hafi skoðað og saumaðir hafa verið á hringsaumastofunni, hafi ekki verið ver gerðir en almennt gerizt um „tilbúinn fatnað“ (Konfektion).

Af framangreindum ástæðum verður sýknukrafa stefnds ekki tekin til greina.

Varakröfuna byggir stefndur á því, að skv. samningnum hafi hann, hvenær sem hann vildi, getað látið stefnöndu fara úr þjónustu sinni með 6 mánaða fyrirvara, og eigi því stefnanda í mesta lagi kaup fyrir 26 vikur hjá sér eða kr. 1300.00. Ágóðapóknunin geti í hæsta lagi numið kr. 104.00 á þessu tímabili, og kemur þannig út varakrafa stefnds um, að hann verði aðeins dæmdur til að borga stefnöndu kr. 1404.00.

Stefnanda kveður stefndan alls ekki hafa getað sagt sér upp starfinu fyrr en 1. ágúst 1938 og eftir þann tíma aðeins með 6 mánaða uppsagnarfresti og byggir hún kröfu-upphæðina á þessu.

Eins og áður getur, er ákvæðið um tímagildi samningsins svohljóðandi: „*Samningur þessi gildir frá 1. ág. 1934 til jafnlengdar 1938 með 6 mánaða fyrirvara af beggja hálfu.*“

Enda þótt orðalag samningsins um tímagildi hans sé í fyllsta máta ógreinilegt, þá verður rétturinn þó að telja, að þar sem svo er til orða tekið, að samningurinn gildi með 6 mánaða fyrirvara til 1. ág. 1938, þá beri að skilja það svo, að 1. ág. 1938 sé samningurinn úr gildi fallinn án uppsagnar og síðan nægði venjulegur uppsagnarfrestur, ef stefnanda ynni eftir þann tíma, en væri samningnum sagt upp á fjögura ára tímabilinu, þá ætti hvor aðilja rétt á 6 mánaða uppsagnarfresti.

Rétturinn telur stefndan því hafa getað sagt stefnöndu upp með 6 mánaða (26 vikna) fyrirvara, og þar eð hún

hafði 50 kr. kaup á viku, á hún vegna uppsagnarinnar 1300 kr. kröfu á stefndan, auk 50 kr. fyrir eina vinnuviku, er hún hefir ekki fengið greidda, eða samtals kr. 1350.

Stefnanda hefir ekki sannað neitt sérstakt tjón vegna uppsagnarinnar og verður henni þá ekki, gegn andmælum stefnds, dæmdar neinar bætur þess vegna.

Um hundraðsgjald af framleiðslu hringsaumastofunnar athugast, að stefnanda hefir engar líkur fært fyrir því, að það hefði getað orðið meira en upphæð sú, sem stefndur áætla, eða kr. 104.00, þann tíma, er stefnöndu er tildæmdur sem uppsagnarfrestur. Verður krafa hennar út af því þessvegna tekin til greina með þeirri upphæð (kr. 104.00).

Úrslit málsins verða því skv. framansögðu þau, að stefndur verði dæmdur til að greiða stefnöndu 1454 kr. með vöxtum eins og krafizt hefir verið og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 200 kr.

Mánudaginn 24. maí 1937.

Nr. 136/1936. Óskar Jónsson f. h. eigenda og útgerðar e/s „Pétursey“

(Theódór B. Lindal)

gegn

Stefáni Jóh. Stefánssyni f. h. eigenda og útgerðar varðskipsins „Þór“

(Stefán Jóh. Stefánsson).

og

Jóni Guðmundssyni f. h. eigenda e/s „Olav“ (Einar B. Guðmundsson).

Mál til innheimtu björgunarlauna.

Dómur sjóréttar Reykjavíkur 14. ágúst 1936: Stefndur, Óskar Jónsson f. h. eigenda og útgerðar e. s. Pétursey G. K. 6, greiði stefnandanum, Stefáni Jóh. Stefánssyni f. h. útgerðar varðskipsins Þór, kr. 4200.00 ásamt 5% vöxtum frá 12. desember 1935 til greiðsludags og 300 kr. í málskostnað, og Jóni Guðmundssyni, eigenda e. s. Olav, kr. 800